

SIGNS goes north TIMES

„Signs“ verkefnið í hnotskurn


„Signs“ Goes North opnar flóttafólki og innflytjendum nýstárlegar leiðir til að læra tungumálið og um menningu og lífshætti í borginni sem það var að flytja til.

Í nýstárlegu náminu nýtir fólkið sér ljósmyndir af borginni þar sem sjá má götuskilti, veitingahús eða búðir, kennslustaði, staði tengda tólmundastarfi eða trúariðkun og staði sem varðveita og kynna náttúrufrýrbæri eða sögulegan arf. Borgarskilti bjóða uppá auðvelda, sjónræna og skýra leið til að koma málinu og menningunni á framfæri – bjóða óformlegt nám í raunverulegum kringumstæðum daglegs lífs.

„Signs“ Goes North hjálpar flóttafólki og nýkomnum innflytjendum að læra tungumál heimamanna og að eiga samskipti við aðra, út fyrir sinn eigin hóp og styður fólkið til að aðlagast nýja aðsetursstaðnum á eins auðveldan hátt og mögulegt er. Fimm borgir taka þátt í þessu nýsköpunarverkefni: Rotterdam í Hollandi, Söderhamn og Bollnäs í Svíþjóð, Vejle í Danmörku og Reykjavík á Íslandi og styrkja þær nám í hollensku, sænsku, dönsku og íslensku eftir því sem við á.

Verkefnið mun þróa nýjungar, byggðar á hinni árangursríku „Signs-aðferðafræði“ sem mótuð var árið 2004 og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitti tvenn evrópsk tungumálaverðlaun (European Language Labels). Þessar fjórar norrænu borgir tengjast tengslaneti 10 annarra borga í Suður-, Mið- og Austur-Evrópu (Alcalá de Henares fyrir spænsku, Bad Radkersburg og Gornja Radgona fyrir þýsku og slóvensku, Barcelona fyrir katalónsku, Birgu fyrir maltnesku, Dobrich fyrir Búlgörsku, Gdańsk fyrir pólsku, Izmir (Smyrna) fyrir tyrknesku, Miercurea Ciuc / Csíkszereda fyrir rúmensku og ungversku og Nafplio fyrir grísku).

Upphafsfundur í Miercurea Ciuc í Rúmeníu í desember 2017



Í byrjun desembermánaðar 2017 kom áhugasamt teymi þátttakenda frá sex löndum saman til að staðfesta upphaf þessa nýja verkefnis. Fulltrúar gestgjafanna frá Spectrum, sem tóku þátt í fyrri Signs verkefnum, skipulögðu sýningargöngu fyrir aðferðafræðina „Signs í Miercurea Ciuc“: göngu um borgina þar sem lært var um tungumálin á staðnum og menningu með því að benda á borgarskiltin.



Þarfagreining

Þátttökuaðilar eru þegar byrjaðir að vinna að þarfagreiningu til að öðlast betri skilning á markhópum sínum. Áherslan er á kannanir og viðtöl til að safna upplýsingum um þarfir innflytjenda í löndunum fjórum, sem valin voru: Hollandi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Byrjað er að koma á tengslum við samstarfsaðila á heimaslóðum og hagsmunaaðila og verið er að velja áhugaverða staði og viðeigandi þemu hvað tungumál og menningu snertir, í viðkomandi borgum – efni sem mun verða hluti af gögnum verkefnisins.

Hvað gerist næst ...?

Annar fundur verkefnisins, þar sem aðilar að verkefninu munu ræða niðurstöður greininganna og móta aðferðir og form þessa „Signs“ verkefnis, verður **10. apríl 2018 í Rotterdam**. Frá 11. til 14. apríl mun vinnuhópurinn byrja að kvikmynda og taka myndir af völdum, áhugaverðum stöðum í Rotterdam.

Samstarfsaðilar

HÄLSINGLANDS UTBILDNINGSFÖRBUND, Svíþjóð (umsjónaraðilar)
Inthecity Project Development (Hollandi)
JFdeK Ltd (Bretlandi)
Pressure Line (Hollandi)
Landsbyggðin lifi (Íslandi)
Fundatia Centrul Educational Spektrum (Rúmeníu)
Videnscenter for Integration (Danmörku)

Til að fá frekari upplýsingar um verkefnið, hafið vinsamlega samband við:
Landsbyggðin lif, tengliður: *Stefanía Gísladóttir*. Netfang: *landlif@landlif.is*

Verkefnið er styrkt sem Erasmus+ verkefni á tímabilinu 2017-2019.

Þetta verkefni hefur notið styrks frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þessi bæklingur flytur aðeins viðhorf höfundar og Framkvæmdastjórnin verður ekki gerð ábyrg fyrir neinni notkun á upplýsingum sem hér koma fram.